



Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2024-2025

Skýrsla stjórnar Þjóðræknisfélags Íslendinga

2024–2025

Þjóðræknisfélag Íslendinga
Skýrsla stjórnar
2024–2025

Reykjavík, maí 2025

Aðalfundur

Aðalfundur Þjóðræknisfélags Íslendinga var haldinn í húsnæði utanríkisráðuneytisins að Rauðarárstíg 25, þriðjudaginn 28. maí 2024, kl. 16.00. Pála Hallgrímsdóttir, formaður félagsins, setti fundinn og bauð fundargesti í sal velkomna. Pála kynnti dagskrá fundarins, sem hafði verið send ásamt skýrslu stjórnar til félagsmanna, með tölvupósti fyrir fundinn. Engar athugasemdir voru gerðar við dagskrána. Pála tilnefndi Guðrúnu Björk Guðsteinsdóttur sem fundarstjóra og Sigurð R. Jónmundsson sem fundarritara. Þar næst tóku við venjuleg aðalfundarstörf. Formaðurinn fór yfir það helsta í skýrslu stjórnar um starfsemina á árunum 2023–2024, endurskoðaðir reikningar voru lagðir fram til samþykktar og ný stjórn kjörin.

Eftir venjuleg aðalfundarstörf og kaffihlé flutti Katelin Parsons erindið „Hallgrímur Pétursson í Vesturheimi“. Þess má geta að Katelin Parsons er aðjúnkt í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands og verkefnastjóri í Fótspor Árna Magnússonar í Vesturheimi sem ÞFÍ hefur haft mikla aðkomu að.

Þá voru veitingar á sínum stað í boði Utanríkisráðuneytisins sem einnig bauð upp á fína fundaraðstöðu í húsakynnum sínum.

Starfsemi félagsins

Starfsemi félagsins á starfsárinu var umfangsmikil og fjölbreytt eins og nánar verður greint frá hér á eftir. Frá því á aðalfundinum þann 28. maí hafa verið haldnir átta stjórnarfundir og allir í húsnæði Búseta, Síðumúla 10. Fjöldi félagsmanna er nú 414. Félagið hefur aðgang að skrifstofuaðstöðu sem Snorrasjóður leigir í húsnæði Norræna félagsins, Óðinsgötu 7, sem er jafnframt heimilisfang ÞFÍ.

Á síðasta aðalfundi voru þau Guðjón Arngrímsson, Steingrímur J. Sigfússon, Ólöf Dögg Sigvaldadóttir og Katelin Parsons kosin í stjórn. Hulda Karen Daníelsdóttir fyrrum formaður ÞFÍ, Sigurður Rúnar Jónmundsson, Sigurbjörg Guttormsdóttir og Þórður Bjarni Guðjónsson hættu í stjórn eftir að hafa setið í stjórn mörg hver í mörg ár. ÞFÍ þakkar þeim kærlega fyrir vel unnin störf, vinskap og hjálp síðustu ár – og býður velkomna nýja meðlimi.

Fræðslufundir

Á fræðslufundi félagsins sem haldinn var þriðjudaginn 7. janúar í húsnæði Árnastofnunar, Edda – hús íslenskunnar, flutti erindið *Frjálsar ástir: Menningarsöguleg nálgun að hernámi Kanadamanna á Íslandi í síðari heimsstyrjöld*. Það var flutt af Karen Lilju Loftsdóttur, doktorskandídat við sagnfræðideild Queen's University í Ontario. Hún rannsakar hernám Kanadamanna á Íslandi með áherslu á menningarsögulegt sjónarhorn og einblínir



sérstaklega á samskipti kanadískra hermanna við Íslendinga, einkum konur, ásamt þáttum eins og stjórnmálum, slúðri og slagsmálum.

Þrátt fyrir að hernám Íslands hafi lengi verið umfjöllunarefni sagnfræðinga hefur þátttaka Kanadamanna aðeins nýlega vakið athygli Íslenskra og kanadískra fræðimanna. Í doktorsrannsókn Karenar við sagnfræðideild Queen's University í Ontario er fjallað um hernám Kanadamanna á Íslandi út frá menningarsögulegu sjónarhorni. Rannsóknin beinist sérstaklega að samskiptum kanadísku hermannanna við Íslendinga, með áherslu á tengsl þeirra við íslenskar konur, og þeim pólitísku umræðum, slúðri og átökum sem fylgdu.

Erindið fékk mikla umfjöllun og sóttu um 80 manns viðburðinn. Það var virkilega góð stemning og áhugaverður fyrirlestur. Veitingar voru í boði utanríkismálaráðuneytisins. ÞFI þakkar bæði ráðuneytinu og Árnastofnun kærlega fyrir stuðninginn.

Vefur og miðlar

Að vanda var mikið efni sett inn á Facebook-síður ÞFI, annars vegar á síðuna <https://www.facebook.com/IcelandicNationalLeague> og hins vegar á <https://www.facebook.com/groups/ThjodraeknisfelagIslendinga>. Það sem er birt á Facebook-síðunum birtist einnig á vef ÞFI: <https://www.inl.is/>

Verkefni og viðburðir

Skemmtikvöld á Vinnustofu Kjarvals 19. mars

Mörg og fjölbreytt verkefni rata á borð ÞFI. Þess ber hæst að nefna skemmtikvöld í tilefni 150 ára afmælis íslensks landnáms í Vesturheimi. Þjóðræknisfélag Íslendinga bar ábyrgð á og skipulagði skemmtikvöld sem haldið var í samstarfi við Vinnustofu Kjarvals þann 19. mars síðastliðinn. Kvöldið bar yfirskriftina *Laughter, Music and History* og sameinaði tónlist, frásagnir og menningarlega innsýn á lifandi og aðgengilegan hátt.

Meðal þátttakenda voru rithöfundurinn Hallgrímur Helgason, tónlistarmaðurinn Björn Thoroddsen og sjónvarpsmaðurinn Egill Helgason. Undirrituð, Pála Hallgrímsdóttir, stýrði dagskrá. Um 140 manns sóttu viðburðinn sem endurspegladi markmið ÞFI um að efla tengsl og vitund um sameiginlega sögu Íslendinga og afkomenda þeirra í Vesturheimi.

Skipulögð ferð á Íslendingahátíðirnar sumarið 2025

Einnig var unnið að skipulagningu sérstaks hópferðarverkefnis undir leiðsögn Kent Lárusar Björnssonar, Vestur-Íslendinga og reynds leiðsögumanns. Ferðin átti að fara fram dagana



29. júlí – 9. ágúst 2024 og var markmiðið að heimsækja söguslóðir Vesturfaranna í Norður-Dakóta og Manitoba, með þátttöku í Íslendingahátíðum í Mountain og Gimli.

Ferðin var vel undirbúin og unnið var með ferðaskrifstofunum Mundo og Transatlantic að kynningu og sölu, auk þess sem Ícelandair veitti frest til lok apríl vegna fráteknna sæta. Þrátt fyrir þessa viðleitni og mikla vinnu í tengslum við skipulag, dagskrá og auglýsingar, voru aðeins 15 þátttakendur skráðir, sem reyndist of fámennt til að hægt væri að fara af stað með ferðina. Því varð að aflýsa henni með miklum trega.

ÞFÍ þakkar stjórn og samstarfsaðilum kærlega fyrir alla vinnu, stuðning og hugmyndir tengdar verkefninu. Reynslan verður nýtt áfram – og unnið verður að því að skoða möguleika á að bjóða upp á sambærilega ferð síðar með hliðsjón af endurgjöf og reynslu þessa árs.

Félagið styrkti einnig:

- Snorrasjóð með 1.000.000 kr. (750.000 kr. til verkefna, 200.000 kr. til afmælisrits, 50.000 kr. til afmælisveislu).
- Snorri West Alumni Internship Program.
- Útgáfu ævisögu Hrannars Braga Eyjólfssonar um séra Braga Friðriksson.

Þjóðræknisþing

Þjóðræknisþing 2024

Þjóðræknisþing ÞFÍ var haldið þann 25. ágúst 2024 á Hótel Natura frá 14:00–16:30. Dagskráin var fjölbreytt, skemmtileg og fróðleg. Að vanda var boðið upp á góðar veitingar á fundinum og margt um manninn – yfir 100 manns sóttu fundinn. Formaður ÞFÍ setti þingið, en síðan flutti Guðrún Hafsteinsdóttir dómsmálaráðherra ávarp á fundinum. Guðrún var nýkomin frá Vesturheimi, þar sem hún hafði tekið þátt í August the Deuce hátíðarhöldunum í Mountain, Norður-Dakóta og Íslendingadeginum í Gimli, Manitóba.

Ávörp á þinginu fluttu einnig Jeannette Menzier, sendiherra Kanada á Íslandi, Carrin Patman, sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, Guðrún Nordal, formaður heiðursráðs ÞFÍ, Guðmundur Árni Stefánsson, fyrrum ræðismaður í Winnipeg og sendiherra, Gwen Sigrid Morgan, forseti Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi (INLNA) og Douglas Hanson, forseti Þjóðræknisfélags Íslendinga í Bandaríkjunum (INLUS). Einnig fluttu Sigfús Haukur Sigfússon, sem nýlega hafði tekið þátt í Snorri West Alumni Internship, og Unnar Ingi Sæmundsson, þátttakandi í Snorri West, erindi um veru sína á slóðum afkomenda Vesturfaranna í Bandaríkjunum og Kanada.



Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2024-2025

Eftir kaffihlé flutti Hrannar Bragi Eyjólfsson kynningu á ævisögu séra Braga Friðrikssonar, sem var fyrstur Íslendinga til að vígjast til prestþjónustu meðal Vestur-Íslendinga í Kanada. Í framhaldinu fjallaði Jón E. Gústafsson um tildrög þess að kvikmyndahátíðin Gimli Film Festival var stofnuð og hvaða þýðingu hún hefur haft fyrir Ísland og tengsl íslenska samfélagsins við Vestur-Íslendinga.

Þingstjórar voru þau Guðrún Ágústsdóttir, fyrrverandi forseti borgarstjórnar, og Hulda Karen Daníelsdóttir, fyrrum formaður ÞFÍ og Snorrasjóðs.

Þjóðræknisþing 2025

Þjóðræknisþing ÞFÍ verður haldið **sunnudaginn 7. september 2025 á Hótel Natura** í Reykjavík. Ákveðið var að fresta þinginu um nokkrar vikur í góðu samstarfi við samtökin Icelandic Roots, sem munu koma með stóran hóp sjálfboðaliða til þátttöku á þinginu. Einnig hafa fulltrúar INLNA (Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi) tilkynnt að þeir ætli að sækja þingið.

Þjóðræknisfélagið hlakkar til að halda veglegt og fjölmennt þing í tilefni 150 ára afmælis íslensks landnáms í Vesturheimi. Allir félagsmenn og aðrir áhugasamir eru hvattir til að mæta. Nánari dagskrá verður kynnt síðar.

Snorrasjóður

Verkefni og þátttakendur 2024

- 15 þátttakendur í Snorraverkefninu á Íslandi.
- 3 íslensk ungmenni í Snorri West í Kanada.
- 11 þátttakendur í Snorri Plús.

David Johnson (Indiana) og Madeleine Garneau (Alberta) dvöldu á Hofsósi (Snorri Alumni Internship). Sigfús Haukur Sigfússon dvaldi í Norður-Ameríku (Snorri West Alumni Internship).

Sumarið 2025

- 11 þátttakendur hefja Snorraverkefnið 14. júní.
- 7 þátttakendur skráðir í Snorri Plús, fleiri að bætast við.
- Sydney Veldhuis (Alberta) og Amber Drake (Hawaii) taka þátt í Snorri Alumni Internship.
- Karítas Hrund Pálsdóttir fer til Kanada í Snorri West Alumni Internship.



Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2024-2025

- Snorri West verður ekki haldið 2025 vegna fárra umsókna.

Afmæli

25 ára afmæli Snorraverkefnis var haldið 15. júní 2024 með stuðningi ÞFÍ. 50.000 kr. fóru til veislu, 200.000 kr. til afmælisrits (kemur út 2025).

Fulltrúar ÞFÍ í stjórn Snorrasjóðs eru:

- Soffía Óskarsdóttir – formaður.
- Pála Hallgrímsdóttir – varaformaður.
- Bjarni Þór Þórólfsson – stjórnarmaður.

Verkefnastjórn: Julie Summers og Atli Geir Halldórsson.

Samskipti og samstarf við Vesturheim

Gwen Sigrid Morgan og Douglas Hanson sitja í stjórn ÞFÍ sem fulltrúar Vestur-Íslendinga og sækja fundi í gegnum Zoom. Félagið á einnig í virku og góðu samstarfi við Icelandic Roots, Íslendingadaginn í Gimli og Deuce of August hátíðina í Mountain, ND.

Formaður ÞFÍ, Pála Hallgrímsdóttir, sótti hátíðir í Mountain og Gimli sumarið 2024 og INLNA ráðstefnu í maí 2025 þar sem hún flutti ávarp um mikilvægi samstarfs, menningararfs og framtíðarsýnar.

Þakkir

Þjóðræknisfélag Íslendinga vill færa utanríkisráðuneytinu og Icelandair innilegar þakkir fyrir langvarandi og mikilvægan fjárhagslegan stuðning, sem hefur verið félaginu ómetanlegur í að rækja fjölbreytt og víðfeðmt hlutverk sitt. Einnig vill félagið þakka sendiráðum Kanada og Bandaríkjanna á Íslandi og öllu starfsfólki þeirra fyrir traustan og áreiðanlegan stuðning við starfsemi félagsins.

Þjóðræknisfélagið metur jafnframt mikils gott og árangursríkt samstarf við fjölmarga samstarfsaðila í Vesturheimi, bæði á þessu ári og í gegnum tíðina.



Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2024-2025

Lokaorð formanns

Ég vil í lokin færa kærar þakkir til stjórnar Þjóðræknisfélags Íslendinga fyrir ánægjulegt, innihaldsríkt og gefandi samstarf á liðnu starfsári, sem og fyrir hlýhug og vináttu. Ég tók við formennsku með stuttum fyrirvara haustið 2023 og hef gegnt hlutverkinu síðan þá. Á þessum tíma höfum við saman lagt ríka áherslu á að efla tengsl og samstarf við afkomendur Íslendinga í Vesturheimi og samtök þeirra á fjölbreyttum vettvangi. Einnig höfum við unnið að því að auka þátttöku í félaginu, bæði innanlands og erlendis, ekki síst meðal ungs fólks.

Ég mun ekki gefa kost á mér áfram sem formaður á komandi starfsári, en hyggst áfram starfa í stjórn félagsins að minnsta kosti eitt ár til viðbótar. Ég þakka innilega fyrir þann stuðning sem mér hefur verið sýndur, fyrir vináttuna og fyrir allt sem ég hef lært í þessu mikilvæga starfi. Stjórnin sendir félagsmönnum og öllum velunnurum ÞFÍ hjartans þakkir fyrir traust og samfylgd.

Fyrir hönd stjórnar ÞFÍ,
Pála Hallgrímsdóttir, formaður